
ÁRSSKÝRSLA 1999

43. REIKNINGSÁR

ANNUAL REPORT 1999
43RD FINANCIAL YEAR



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF.

STOFNSETT 7. DESEMBER 1956
HÓF STARFSEMI 1. JANÚAR 1957

Stjórn:

Sigurður Einarsson, formaður, Vestmannaeyjum
Jón Ingvarsson, varaformaður, Reykjavík
Ágúst Karlsson, Reykjavík
Geir Zoëga, Reykjavík
Haraldur Sturlaugsson, Akranesi
Magnús Bjarnason, Eskifirði
Svavar B. Magnússon, Ólafsfirði

Forstjóri:

Gunnar Felixson

Endurskoðendur:

PricewaterhouseCoopers ehf.

Skoðunarmaður:

Kristinn V. Jóhannsson, Neskaupstað

Varaskoðunarmaður:

Auður Einarsdóttir, Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á árinu 1999.....	3
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra.....	7
Áritun endurskoðenda	8
Rekstrarreikningur fyrir árið 1999	9
Efnahagsreikningur 31. desember 1999.....	10
Sjóðstreymi árið 1999.....	12
Skýringar með ársreikningi 1999	13
Fimm ára yfirlit	24
Annual Report 1999.....	28
Profit and Loss Account for the year 1999	29
Balance Sheet as at December 31st 1999.....	30
Summary of insurance classes.....	32
Five year highlights from the Annual Accounts	33

Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á árinu 1999

Aðalfundur félagsins var haldinn 14. apríl 1999 og voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins: Ágúst Karlsson, Geir Zoëga, Haraldur Sturlaugsson, Jón Ingvarsson, Magnús Bjarnason, Sigurður Einarsson og Svavar B. Magnússon. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Sigurður Einarsson var kosinn formaður og Jón Ingvarsson varaformaður.

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 233.099.042. Útistandandi hlutfé í ársbyrjun var kr. 224.141.682 og eigin hlutabréf því kr. 8.952.360. Á tímabilinu 1.1.-15.1.1999 afhenti félagið öll eigin bréf sín sem gagnjald til kaupa á eftirstöðvum af hlutfé í Tryggingu hf. og átti félagið þar með Tryggingu hf. 100%. Hluthafar Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í árslok voru 893 en þeir voru 882 í ársbyrjun. Einn hluthafi, Fram hf., Vestmannaeyjum, á yfir 10% hlutfjár eða 17,74%. Í skýringu nr. 33 er skrá yfir þá hluthafa sem áttu yfir 2,5% hlutfjár í félaginu í árslok 1999. Mikil sala var á hlutabréfum í félaginu og hækkaði gengi þeirra um 30 % á árinu.

Sameining starfsemi Tryggingamiðstöðvarinnar og Tryggingar. Í byrjun ársins 1999 var hafist handa við að undirbúa sameiningu starfsemi félaganna. Skipaðar voru verkefnastjórnir til þess að fara yfir verkferli beggja félagna á hverju sviði og vinna að því að skipuleggja sameiningarvinnunna. Unnið var með aðstoð ráðgjafa að samræma starf verkefnastjórnanna og móta það framtíðarskipulag sem vinna átti eftir í sameinuðu félagi. Ljóst var að hagkvæmast var að sameina starfsemi félaganna sem fyrst á einum stað og í því skyni var ákveðið að kaupa viðbótarhúsnæði. Keypt var 1. hæð, millihæð, 2. og 3. hæð í Aðalstræti 6 auk hlutdeildar í sameign. Tekið var til við að breyta því húsnæði sem þegar var laust, þ.e. 3. hæðinni og framhúsi 2. hæðar og lauk því verki í lok október. Öll starfsemi Tryggingar í frumtryggingum og innlendum endurtryggingum var síðan yfirfærð til Tryggingamiðstöðvarinnar þann 1. nóvember 1999. Erlendar endurtryggingar verða áfram reknar í nafni Tryggingar hf. Engir virkir samningar eru fyrir hendi í erlendum endurtryggingum hjá Tryggingu og hafa ekki verið undanfarin 16 ár og er starfsemi í þeirri grein því eingöngu fölgín í uppgjöri útistandandi tjóna.

Við yfirfærsluna fluttist skrifstofa Tryggingar til Tryggingamiðstöðvarinnar og starfsfólk Tryggingar varð starfsfólk Tryggingamiðstöðvarinnar. Mikið álag hefur hvílt á öllu starfsliði félaganna á árinu vegna sameiningarinnar enda hér um gríðarlega umfangsmikið og flókið verkefni að ræða. Mjög ánægjulegt er hve lítið brottfall hefur orðið af viðskiptum Tryggingar við yfirfærsluna. Ástæður þess má fyrst og fremst rekja til mikillar tryggðar viðskiptavina Tryggingar við félag sitt en ennfremur dugnaður og vilji starfsfólks félaganna til þess að láta yfirfærsluna ganga vel fyrir sig. Það er skoðun mín að sameiningin hafi í öllum meginatriðum tekist vel þó enn sé mikil vinna framundan.

Ársreikningurinn, sem er samstæðuársreikningur, innifelur ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar og Tryggingar, sem eins og áður segir er að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar. Allur samanburður í skýrslu þessari byggist á samstæðunni nema annað sé tekið fram.

Hagnaður ársins 1999 var 235 milljónir króna en var 319 milljónir króna árið áður.

Hagnaður af fjármálarekstri er nú 234 milljónir króna en var 334 milljónir árið áður. Lækkunin stafar eingöngu af því að vegna hærri verðbólgu yfirfærðist mun hærri fjárhæð af fjármálarekstri yfir á vátryggingarekstur en árið áður. Mjög góð afkoma var af hlutdeildarfélögum og jukust tekjur af þeim úr kr. 119 milljónum króna í kr. 139 milljónir. Hins vegar voru gjöld umfram tekjur af húseignum kr. 61 milljón nú en voru kr. 4 milljónir árið áður. Þessi mikla aukning gjalda stafar að stórum hluta af kostnaði vegna viðhalds í Aðalstræti 6 en skipt var meðal annars um alla glugga í húsinu. Rétt er að benda á að undir liðnum önnur gjöld er gjaldfærsla á afskrift af viðskiptavild vegna kaupa á Tryggingu að fjárhæð kr. 100 milljónir.

Hagnaður af vátryggingarekstri er nú 256 milljónir króna en var 106 milljónir árið 1998. Þessi afkoma er alls ekki viðunandi þar sem taka verður tillit til þess að félagið hefur fært kr. 255 milljónir króna úr útjöfnunarskuld til þess að mæta gífurlegum tjónþunga í ökutækjatrýggingum.

Eins og sést á yfirliti hér á eftir var mjög góð afkoma í eignatrýggingum, sjó-, flug- og farmtryggingum, ábyrgðartryggingum, slysatryggingum og innlendum endurtryggingum en mjög mikið tap á ökutækjatrýggingum og þá sérstaklega lögboðnum ökutækjatrýggingum. Þá var allmikið tap á erlendum endurtryggingum sem stafar af hækkuðum útistandandi tjóna hjá dótturfélaginu.

Ársskýrsla

Samanburður á rekstrarafkomu einstakra greinaflokka váttrygginga fyrir árin 1999 og 1998:	1999	1998
	Millj.kr.	Millj.kr.
Eignatryggingar.....	58,0	72,6
Sjó-, flug- og farmtryggingar	287,9	262,0
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	- 299,9	- 350,2
Aðrar ökutækjatrýggingar	- 50,7	- 26,3
Ábyrgðartryggingar	97,8	37,7
Slysa- og sjúkratryggingar	101,5	56,6
Innlendar endurtryggingar.....	96,5	58,6
Erlendar endurtryggingar	- 34,9	- 5,1
Samtals:	256,2	105,9

Afkoma ökutækjatrýgginga. Enn á ný er óumflýjanlegt að fjalla sérstaklega um bílatryggingar enda staða þeirrar greinar nú alvarlegri en nokkru sinni fyrr. Í marsmánuði á síðastliðnu ári voru samþykktar á Alþingi breytingar á skaðabótalögum sem taka skyldu gildi 1. maí. Breytingar þessar leiddu til hækkunar bóta og þar með kostnaðarauka fyrir váttryggingafélögin. Samkvæmt útreikningum Tryggingamiðstöðvarinnar þýddu þessar breytingar einar og sér að iðgjöld bílatrygginga þyrftu að hækka um 25%. Þessi stutti fyrirvari á gildistöku lagabreytinganna olli félaginu verulegu tjóni þar sem flestar bílatryggingar eru gefnar út til eins árs og því félaginu ókleift að fá iðgjöld fyrir áhættuaukann á tímabilinu frá 1. maí til loka tryggingatímabilsins.

Eins og alkunna er voru bílatryggingaiðgjöld hækkuð í júní sl. um 30-35%. Í kjölfarið fylgdu miklar ásakanir á tryggingafélögin um ósanngjörn iðgjöld. Fullyrt var að hækkunin ættu engan rétt á sér og tryggingafélögin ásökuð um samráð. Stjórnámálemenn, neytendasamtök og ólíklegustu aðilar í þjóðfélaginu risu upp og óskuðu eftir rannsókn á iðgjaldshækkuninni, alveg hissa á þeirri ósvinnu að hækkun skaðabóta þýddi hærri iðgjöld. Fjármálaeftirlitið tók iðgjaldsákvörðunina til skoðunar og var niðurstaða þess sú að ekki væri tilefni til aðgerða vegna hækkunar iðgjaldsins. Þá tók Samkeppnisstofnun iðgjaldsákvörðunina til skoðunar en ekkert hefur heyrst af þeirri athugun.

Mikil vinna hefur farið fram hjá félaginu til að greina orsakir síhækkandi tjóna í bílatryggingum umfram þær hækkunir sem sjálfkrafa fylgdu breytingu skaðabótalaganna. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

1. Aukin tjónatíðni.
2. Hækkandi bætur vegna launaþróunar í landinu.
3. Hækkandi bætur vegna hærri fjárhagslegrar örorku í örorkutjónum.
4. Meiri þátttaka fólks á vinnumarkaði.

En skoðum aðeins nánar ofangreindar orsakir. Ég held að engum, sem fylgst hafa með fréttum undanfarin misseri, komi á óvart að um aukna tjónatíðni sé að ræða. Hins vegar held ég að almenningur geri sér ekki grein fyrir hve mikil áhrif launahækkunar í landinu hafa á afkomu þessarar greinar. Það er vel að efnahagsbatinn hafi skilað landsmönnum kaupmáttaraukningu sem mælist í tugum prósentu en þá þarf líka að taka með í reikninginn að slysa-bætur hækka samsvarandi. Það má því segja að góðærið skýri að hluta tap bílatrygginganna.

Þriðji liðurinn hér að framan hefur veruleg áhrif en hér er um þátt að ræða sem þarfnast ítarlegrar rannsóknar. Það er óskiljanlegt að í þjóðfélagi þar sem sífellt fleiri einstaklingar stunda léttu líkamlega vinnu þá skuli samantekt sýna að á undanförunum misserum hefur orðið veruleg hækkun fjárhagslegrar örorku samanborið við læknisfræðilega örorku. Ekki er sjáanlegt að einkenni slyssanna, sem metin hafa verið undanfarið, séu öðruvísi en áður og því ekki hægt að útskýra hækkun örorkunnar með þeim hætti. Þó að fjórði liðurinn hér að ofan vegi minnst í slæmri afkomu greinarinnar þá er það augljóst að aukin atvinnuþátttaka eykur tekjur fólks og um leið rétt þeirra til hærri bóta í slysatilfellum.

Það er mikið áhyggjuefni hvernig umræðan í þjóðfélaginu um iðgjöld bílatrygginga hefur próast á undanförunum árum. Augljóst er að iðgjöld bílatrygginga skipta alla þjóðina miklu máli. Það hlýtur hinsvegar að vera eðlileg krafa að rök fyrir iðgjaldsákvörðun verði metin málefnalega en ekki í þeim slagorða- og ásökunarstíl sem því miður einkennir þjóðmálaumræðu um tryggingastarfsemi.

Tryggingamiðstöðin mun gera allt það sem hægt er til þess að iðgjöld bílatrygginga séu eins lág og mögulegt er, en til lengdar verður iðgjaldið óhjákvæmilega að taka mið af tjónþunga greinarinnar. Áhrifaríkasta leiðin til lægri iðgjalda verður því ávallt sú að allir þátttakendur í umferðinni sameinist um að fækka árekstrum og slysum.

Iðgjöld ársins. Hér fer á eftir samanburður á iðgjöldum áráanna 1999 og 1998 eftir váttryggingagreinum.

Iðgjöld áráanna 1999 og 1998:	1999 Millj.kr.	1998 Millj.kr.	Breyting %
Eignatryggingar.....	711,0	625,3	+ 13,7
Sjó-, flug- og farmtryggingar.....	900,8	929,9	- 3,1
Ökutækjatrýggingar.....	1.629,6	1.346,7	+ 21,0
Almennar ábyrgðartryggingar.....	256,0	225,7	+ 13,4
Slysa- og sjúkratryggingar.....	426,5	379,1	+ 12,5
	3.923,9	3.506,7	+ 11,9
Frumtryggingar:	50,3	90,9	- 44,7
Endurtryggingar:			
Iðgjöld áráanna alls:	3.974,2	3.597,6	+ 10,5

Tjón ársins. Hér fer á eftir samanburður á tjónum áráanna 1999 og 1998 eftir váttryggingagreinum.

Tjón áráanna 1999 og 1998:	1999 Millj.kr.	1998 Millj.kr.	Breyting %
Eignatryggingar.....	476,9	413,8	+ 15,3
Sjó-, flug- og farmtryggingar.....	516,6	456,7	+ 13,1
Ökutækjatrýggingar.....	2.412,3	1.610,8	+ 49,8
Almennar ábyrgðartryggingar.....	205,2	221,0	- 7,1
Slysa- og sjúkratryggingar.....	168,1	279,1	- 39,8
	3.779,1	2.981,4	+ 26,8
Frumtryggingar:	42,1	52,4	- 19,6
Endurtryggingar:			
Tjón áráanna alls:	3.821,2	3.033,8	+ 26,0

Skrifstofurekstur. Rekstrarkostnaður vegna váttryggingarekstrar að frádregnum umboðslaunatekjum nam kr. 573,2 milljónum á árinu en var kr. 524,7 milljónir árið áður. Hlutfall hreins rekstrarkostnaðar af bókfærðum iðgjöldum var 14,1% á árinu en var 14,3% á árinu 1998.

Vegna sameiningar starfsemi Tryggingar og Tryggingamiðstöðvarinnar urðu verulegar breytingar á skrifstofu-aðstöðu félagsins bæði á aðalskrifstofu í Aðalstræti 6-8 svo og í tjónaskoðunarstöð. Þá flutti útibú félagsins á Akureyri þann 1. mars sl. í nýtt húsnæði í eigu félagsins að Strandgötu 3.

Starfsmannahald. Árið 1999 voru starfsmenn að meðaltali 100 en 102 árið áður. Nú starfa 80 starfsmenn á aðalskrifstofu félagsins, 5 í tjónaskoðunarstöðinni, 1 á Akranesi, 4 á Akureyri, 1 á Blönduósi, 2 í Vestmannaeyjum og 3 í mótuneyti og ræstingu.

Hlutabréfaeign í öðrum félögum. Samstæðan á hlutabréf í 63 félögum. Keypt voru hlutabréf í 19 félögum (8 ný félög) fyrir kr. 168,8 milljónir og seld hlutabréf í fimm félögum fyrir kr. 84,5 milljónir.

Váttryggingaskuld félagsins. Heildarváttryggingaskuld félagsins nam kr. 9.321,9 millj. í árslok 1999, en hluti endurtryggjenda er kr. 1.402,0 millj. Eigin váttryggingaskuld er því kr. 7.919,9 millj. Eigin váttryggingaskuld hefur hækkað um kr. 595,0 millj. frá árinu áður eða 8,1%. Eigin váttryggingaskuld er nú í hlutfallinu 2,79 á móti eigin iðgjöldum en þetta hlutfall var 2,86 árið áður.

Rekstrarhorfur. Mjög erfitt er að áætla rekstrarhorfur til skamms tíma hjá váttryggingafélagi þar sem langstærsti gjaldaliður félagsins, tjónin, er háður mjög miklum sveiflum. Félagið metur hins vegar líklegan tjónþunga og reynir að taka iðgjald í samræmi við það. Ekkert stórtjón hefur lent á félaginu það sem af er árinu 2000. Það er mat félags-

ins að ekki sé að vænta betri afkomu á árinu 2000 en á árinu 1999. Hagnaður ársins verði í besta falli svipaður og á síðasta ári. Haldist efnahagsumhverfi hagstætt verði fjármunatekjur svipaðar á árinu 2000 og á árinu 1999, en að ekki sé hægt að búast við betri afkomu af váttryggingarekstri en á síðasta ári. Veldur þar mestu mikið tap af rekstri ökutækjatrýgginga.

Aðgerðir vegna ársins 2000. Á síðasta ári var unnið að því að yfirfara tölvubúnað félagsins, bæði vél- og hugbúnað, til þess að fyrirbyggja að röskun yrði á starfsemi félagsins vegna ártalsins 2000. Sú vinna bar tilætlaðan árangur því engin vandamál hafa komið upp í tölvukerfum félagsins sem tengjast ártalinu 2000. Félaginu hafa ekki borist neinar tilkynningar um bótaskyld tjón hjá viðskiptavinum þess sem tengjast dagsetningum í tölvukerfum.

Eins og sést hér að framan var árið 1999 ár mikilla breytinga hjá félaginu. Ég vil þakka öllu starfsfólki félagsins, sem og umboðsmönnum um allt land, afar góð störf fyrir félagið. Árvekni þess og dugnaður er drifkraftur félagsins til framtíðar. Þá vil ég þakka öllum viðskiptavinum félagsins fyrir það traust sem þeir sýna félaginu með því að fela því váttryggingavernd hagsmuna sinna og eigna.

Reykjavík, 28. mars 2000.

Gunnar Felixson
forstjóri

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. er gerður í samræmi við lög nr. 144/1994 um ársreikninga og reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samstæðuársreikningurinn innifelur ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Tryggingar hf. sem er að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum félaganna í samstæðunni en innbyrðis inneignum og skuldum milli samstæðufélaga eytt svo og innbyrðis viðskiptum. Samanburðartölur samstæðunnar fyrir fyrra ár voru unnar með sama hætti.

Öll starfsemi Tryggingar hf. í frumtryggingum og innlendum endurtryggingum var yfirfærð til Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 1. nóvember 1999. Reikningur Tryggingamiðstöðvarinnar innifelur hinsvegar allan rekstur Tryggingar hf. frá 1. júlí 1999 nema í erlendum endurtryggingum. Móðurfélagið yfirtók allar skuldbindingar Tryggingar hf. í frumtryggingum og innlendum endurtryggingum frá og með sama tíma og eignir til að mæta þeim. Þessi yfirfærsla hefur veruleg áhrif á samanburðargildi við ársreikning móðurfélagsins frá fyrra ári.

Hagnaður af rekstri félagsins var kr. 235,4 milljónir og eigið fé þess í árslok nam kr. 3.636,9 milljónum. Hlutfé félagsins í árslok var kr. 233,1 milljón. Hluthafar í árslok voru 893 og hafði fjölgað um 11 frá fyrra ári. Einn hluthafi, Fram hf. í Vestmannaeyjum, átti meira en 10% eignarhlut í félaginu eða 17.74%. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 20% arður til hluthafa en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Starfsmenn samstæðunnar voru að meðaltali 100 á árinu (móðurfélagsins 82) en í árslok voru 94 starfsmenn hjá félaginu, 81 á aðalskrifstofu félagsins, 5 í tjonaskoðunarstöð þess og 8 samtals á skrifstofum félagsins á Akranesi, Akureyri, Blönduósi og Vestmannaeyjum.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 1999 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2000.

Stjórn:

Sigurður Einarsson

Jón Ingvarsson

Ágúst Karlsson

Geir Zoëga

Haraldur Sturlaugsson

Magnús Bjarnason

Svavar B. Magnússon

Forstjóri:

Gunnar Felixson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning þennan fyrir Tryggingamiðstöðina hf. árið 1999, þ.e. ársreikning móðurfélagsins og samstæðunnar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1999, efnahagsreikning 31. desember 1999, sjóðstreymi árið 1999 og skýringar nr. 1-34. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að vissa fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningssskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 1999, efnahag þess 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999, í samræmi við lög og samþykktir félagsins og góða reikningssskilavenju.

Reykjavík, 28. mars 2000.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Valdimar Ólafsson
löggiltur endurskoðandi

Þórir Ólafsson
löggiltur endurskoðandi

Samstæðureikning þennan fyrir Tryggingamiðstöðina hf. árið 1999 hef ég, kjörinn skoðunarmaður, yfirfarið og legg til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 28. mars 2000.

Kristinn V. Jóhannsson
kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur fyrir árið 1999

		Samstæða		Móðurfélag	
Tekjur og gjöld af váttryggingarekstri:		1999	1998	1999	1998
Iðgjöld:	Skýr.				
Bókfærð iðgjöld		4.074.218	3.665.879	3.354.725	2.650.761
Hluti endurtryggjenda		(1.114.143)	(1.042.593)	(805.381)	(702.033)
Breyting á iðgjaldaskuld		(99.983)	(68.206)	63.721	(43.116)
Breyting á hluta endurtryggjenda		(21.901)	4.193	(101.359)	3.718
Eigin iðgjöld	24	2.838.191	2.559.273	2.511.706	1.909.330
Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri	25	789.474	436.239	702.222	338.611
Tjón:					
Bókfærð tjón		(3.199.402)	(2.500.624)	(2.618.292)	(1.635.210)
Hluti endurtryggjenda		848.881	577.831	648.040	292.047
Breyting á tjónaskuld		(621.840)	(533.155)	(466.513)	(395.295)
Breyting á hluta endurtryggjenda		(80.875)	112.730	(129.824)	17.065
Eigin tjón	24	(3.053.236)	(2.343.218)	(2.566.589)	(1.721.393)
Rekstrarkostnaður:					
Sölukostnaður		(320.615)	(299.547)	(262.278)	(195.695)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(418.953)	(377.300)	(353.597)	(253.733)
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum		166.331	152.107	109.783	77.236
Hreinn rekstrarkostnaður		(573.237)	(524.740)	(506.092)	(372.192)
Breyting á útjöfnunarskuld	24	254.996	(21.700)	169.996	(21.700)
Hagnaður af váttryggingarekstri		256.188	105.854	311.243	132.656
Tekjur og gjöld af fjármálarekstri:					
Fjárfestingartekjur:					
Tekjur af dótturfélagi		0	0	(35.768)	17.351
Tekjur frá hlutdeildarfélögum	26	139.414	119.306	139.414	119.306
Tekjur af öðrum eignarhlutum		83.862	30.902	31.903	21.791
Tekjur (gjöld) af húseignum og lóðum	27	(61.052)	(3.756)	(62.534)	(3.461)
Vaxtatekjur og gengismunur	28	879.810	630.069	787.217	470.524
Hagnaður af sölu fjárfestinga		30.103	71.313	30.103	71.313
Fjárfestingartekjur		1.072.137	847.834	890.335	696.824
Fjárfestingargjöld:					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(80.056)	(58.022)	(64.946)	(50.746)
Vaxtagjöld		(11.971)	(7.334)	(11.971)	(7.334)
Tap af sölu eigna		(1.119)	(17.002)	(1.119)	0
Fjárfestingargjöld		(93.146)	(82.358)	(78.036)	(58.080)
Reiknaðar tekjur (gjöld) vegna verðlagsbreytinga		44.323	4.431	34.846	1.995
Fjárfestingartekjur yfirfærðar á váttryggingarekstur	25	(789.474)	(436.239)	(702.222)	(338.611)
Hagnaður af fjármálarekstri		233.840	333.668	144.923	302.128
Aðrar tekjur (gjöld) af reglulegri starfsemi:					
Aðrar tekjur		6.087	10.985	0	0
Önnur gjöld	31	(144.876)	(45.357)	(133.143)	(34.286)
Aðrar tekjur (gjöld) af reglulegri starfsemi		(138.789)	(34.372)	(133.143)	(34.286)
Hagnaður fyrir tekju- og eignarskatt		351.239	405.150	323.023	400.498
Tekju- og eignarskattur	32	(115.844)	(86.297)	(87.628)	(81.645)
Hagnaður ársins		235.395	318.853	235.395	318.853

Efnahagsreikningur 31. desember 1999

Eignir	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		1999	1998	1999	1998
Óefnislegar eignir:					
Viðskiptavild	2,31	<u>903.449</u>	<u>782.268</u>	<u>903.449</u>	<u>0</u>
Fjárfestingar:					
Húseignir og lóðir	7	423.777	389.205	400.577	232.667
Hlutur í samstæðufélagi	2	0	0	577.610	1.264.773
Hlutir í hlutdeildarfélögum	8, 14	663.456	609.869	663.456	609.869
Aðrar fjárfestingar:					
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	8-10	2.446.323	2.128.581	2.216.745	1.575.017
Verðbréf með föstum tekjum	11	920.217	1.153.583	920.217	1.056.808
Veðlán	12	3.789.650	3.318.042	3.789.650	2.569.289
Önnur útlán.....	13	701.580	671.136	673.691	490.609
		<u>8.945.003</u>	<u>8.270.416</u>	<u>9.241.946</u>	<u>7.799.032</u>
Geymslufé vegna endurtrygginga		29.790	40.704	29.790	34.808
Fjárfestingar		<u>8.974.793</u>	<u>8.311.120</u>	<u>9.271.736</u>	<u>7.833.840</u>
Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld:					
Iðgjaldaskuld		130.606	152.507	130.606	49.984
Tjónaskuld.....		<u>1.271.379</u>	<u>1.352.254</u>	<u>1.271.379</u>	<u>921.115</u>
Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld		<u>1.401.985</u>	<u>1.504.761</u>	<u>1.401.985</u>	<u>971.099</u>
Kröfur:					
Kröfur á váttryggingataka		1.028.210	773.653	1.028.209	529.244
Aðrar kröfur vegna frumtryggingastarfsemi.....		8.369	10.587	8.369	10.587
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi.....		186.457	102.560	186.457	82.805
Aðrar kröfur		144.044	4.902	15.346	0
Kröfur		<u>1.367.080</u>	<u>891.702</u>	<u>1.238.381</u>	<u>622.636</u>
Aðrar eignir:					
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir.....	15	94.845	65.148	94.845	51.412
Sjóður og bankainnstæður		734.806	805.859	704.671	508.494
Aðrar eignir		<u>829.651</u>	<u>871.007</u>	<u>799.516</u>	<u>559.906</u>
Eignir samtals		<u>13.476.958</u>	<u>12.360.858</u>	<u>13.615.067</u>	<u>9.987.481</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skuldir og eigið fé	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		1999	1998	1999	1998
Eigið fé:					
Hlutafé.....		233.099	224.142	233.099	224.142
Yfirverðsreikningur hlutafjár		1.567.100	1.304.649	1.567.100	1.304.649
Lögbundinn varasjóður.....		58.300	56.000	58.300	56.000
Endurmatsreikningur		362.875	173.926	362.875	173.926
Óráðstafað eigið fé		1.415.562	1.229.087	1.415.562	1.229.087
Eigið fé	16,17	3.636.936	2.987.804	3.636.936	2.987.804
Vátryggingaskuld:					
lögjaldaskuld		1.011.333	885.911	1.011.333	472.395
Tjónaskuld		7.202.597	6.580.757	7.157.597	5.034.687
Útjöfnunarskuld		1.108.000	1.362.996	1.108.000	1.171.700
Vátryggingaskuld		9.321.930	8.829.664	9.276.930	6.678.782
Aðrar skuldbindingar:					
Skattskuldbinding	19	110.344	68.477	85.452	68.477
Aðrar skuldbindingar		110.344	68.477	85.452	68.477
Geymslufé frá endurtryggjendum		62.991	85.268	62.991	49.909
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir:					
Skuldir við dótturfélag.....	20	0	0	233.589	54.660
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi.....		73.853	82.309	73.853	42.038
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi.....		69.228	69.492	56.563	18.366
Skuldabréfalán	21	40.974	2.070	40.974	2.070
Aðrar skuldir	22	127.999	63.694	124.676	63.694
Viðskiptaskuldir		312.054	217.565	529.655	180.828
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	23	32.703	114.287	23.103	21.681
Hlutdeild minnihluta		0	57.793	0	0
Skuldir og eigið fé samtals		13.476.958	12.360.858	13.615.067	9.987.481

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Sjóðstreymi árið 1999

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		1999	1998	1999	1998
Handbært fé frá rekstri:					
Hagnaður ársins		235.395	318.853	235.395	318.853
Rekstrarliðir, sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir rekstrarfjármuna og fasteigna	7,15	80.304	55.267	63.142	43.459
Reiknuð (tekjur) gjöld vegna verðlagsbreytinga	3	(44.323)	(4.431)	(34.846)	(1.994)
Hækkun eigin váttryggingaskuldar.....		569.603	506.139	463.978	439.328
Verðbætur og gengismunur.....		(177.361)	(72.559)	(176.246)	(66.599)
Hagnaður hlutdeildarfélagum.....	26	(139.414)	(119.306)	(139.414)	(119.305)
Skattskuldbinding hækkun.....		41.867	25.866	16.975	25.866
Afskrifuð viðskiptavild v/yfirverðs.....	32	100.383	0	100.383	0
Aðrir liðir.....		1.119	21.655	36.887	(17.352)
Veltufé frá rekstri		<u>667.573</u>	<u>731.484</u>	<u>566.254</u>	<u>622.256</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....		(273.684)	(115.374)	(228.192)	22.928
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		18.148	87.118	187.854	5.387
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(255.536)	(28.256)	(40.338)	28.315
Handbært fé frá rekstri		<u>412.037</u>	<u>703.228</u>	<u>525.916</u>	<u>650.571</u>
Fjárfestingarhreyfingar:					
Söluverð varanlegra fjármuna.....		166.866	81.449	3.590	0
Kaupverð varanlegra fjármuna		(248.228)	(39.117)	(225.035)	(33.804)
Fenginn arður af hlutdeildarfélagum.....		122.669	12.419	122.669	12.419
Afborganir skuldabréfa.....		2.683.087	1.815.163	2.466.366	1.815.163
Keypt skuldabréf		(3.075.761)	(2.115.788)	(2.586.626)	(1.895.597)
Söluverð hlutabréfa í öðrum félögum.....		84.463	119.561	84.463	119.561
Kaupverð hlutabréfa í öðrum félögum		(168.781)	(732.143)	(168.778)	(1.996.917)
Fjárfestingarhreyfingar		(435.685)	(858.456)	(303.351)	(1.979.175)
Fjármögnunarhreyfingar:					
Afborganir langtímalána.....	20	(783)	(483)	(783)	(484)
Yfirtaka eigna og skulda frá Tryggingu hf.		0	0	21.016	0
Greiddar lífeyrisskuldbindingar		0	(15.207)	0	(15.207)
Greiddur arður		(46.620)	(16.095)	(46.620)	0
Söluverð eigin hlutabréfa		0	73.522	0	1.350.337
Fjármögnunarhreyfingar		(47.403)	41.737	(26.387)	1.334.646
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar		(483.088)	(816.719)	(329.738)	(644.529)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(71.051)	(113.491)	196.178	6.042
Handbært fé í ársbyrjun		<u>805.857</u>	<u>919.349</u>	<u>508.493</u>	<u>502.451</u>
Handbært fé í árslok		<u>734.806</u>	<u>805.858</u>	<u>704.671</u>	<u>508.493</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar með ársreikningi 1999

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 144/1994 um ársreikninga og reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samstæðuársreikningurinn innifelur ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Tryggingar hf., sem er að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum félaganna í samstæðunni en innbyrðis inneignum og skuldum milli samstæðufélaga eytt svo og innbyrðis viðskiptum. Samanburðartölur samstæðunnar fyrir fyrra ár voru unnar með sama hætti.

Móðurfélag:

Öll starfsemi Tryggingar hf. í frumtryggingum og innlendum endurtryggingum var yfirfærð til Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 1. nóvember 1999. Reikningur móðurfélagsins innifelur hins vegar allan rekstur Tryggingar hf. frá 1. júlí 1999 nema í erlendum endurtryggingum. Móðurfélagið yfirtók allar skuldbindingar Tryggingar hf. í frumtryggingum og innlendum endurtryggingum frá og með sama tíma og eignir til að mæta þeim. Þessi yfirfærsla hefur veruleg áhrif á samanburðargildi við ársreikning móðurfélagsins frá fyrra ári.

2. Gert er upp samkvæmt hlutdeildaraðferð vegna eignarhluta í félögum þar sem eignarhlutinn fer yfir 15%.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra í árslok.

Í árslok 1998 og ársbyrjun 1999 keypti móðurfélagið allt hlutafé í Tryggingu hf. gegn greiðslu í eigin hlutafé. Keyptar voru á tímabilinu 1. til 15. janúar 1999 eftirstöðvar hlutabréfa í Tryggingu hf. að nafnverði kr. 35.971.408,- fyrir hlutabréf í Tryggingamiðstöðinni hf. að nafnverði kr. 8.957.360,- á genginu 30,3. Samkvæmt reikningsskilareglum ber að færa, sem kaupverð hlutafjár í Tryggingu hf., markaðsverð hlutabréfa þeirra í Tryggingamiðstöðinni hf., sem gefin voru út sem gagngjald fyrir bréfin í Tryggingu hf., á samningsdegi.

Á liðinn "Viðskiptavild" er fært yfirverð á hlutabréfunum í dótturfélaginu sem ekki tengist einstökum eignum þess. Viðskiptavildin (yfirverðið) gjaldfærist á 10 árum.

Viðskiptavild greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	782.268.459
Viðbót á árinu	168.239.997
Endurmat á árinu	53.323.524
Gjaldfærð viðskiptavild á árinu	(100.383.198)
Staða í árslok	903.448.782

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess í árslok auk yfirverðs einstakra eigna. Sá hluti yfirverðs sem tengist einstökum eignum dótturfélagsins er í samstæðureikningi færður til hækkunar á þeim.

Hlutdeild í afkomu dótturfélags er færð í rekstrarreikningi að teknu tilliti til gjaldfærslu yfirverðs sem tengist einstökum eignum, hafi þær verið seldar á árinu.

Skýringar

Hreyfingar hjá móðurfélaginu varðandi eignarhluta í dótturfélagi greinast þannig:

Eignarhlutdeild 1.1.1999, 82.3%	1.264.772.965
Keypt 1/1 - 15/1 1999, 17.7%	271.408.008
Samtals kaupverð	<u>1.536.180.973</u>
Endurmat yfirverðs	59.578.701
Hlutdeild í endurmati dótturfélags	21.450.173

Tekjur af dótturfélagi:

Hagnaður ársins 1999	111.890.883	
Yfirverð vegna seldra hlutabréfa	(99.802.415)	
Yfirverð vegna sölu fasteignar	(47.856.180)	(35.767.712)
Gjaldfærsla yfirverðs		(100.383.198)
Bókfært verð pr. 31.12.1999		1.481.058.937
Fært á viðskiptavild við yfirfærslu rekstrar Tryggingar hf.		(903.448.782)
Bókfært eigið fé Tryggingar hf. auk yfirverðs hlutabréfa		<u>577.610.155</u>

3. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar og móðurfélagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn og er í því sambandi fylgt eftirfarandi aðferðum:

- Húseignir og rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að reikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til 31. desember 1999 með verðbreytingarstuðli sem miðast við hækkun neyslúvísitölu á reikningsárinu, eða um 5,61%. Endurmatshækkun húseigna og rekstrarfjármuna er færð á endurmatsreikning meðal eiginfjárliða í efnahagsreikningi, samanber skýringu nr. 17.
